

# HEIMIR

I. ÁR.

✻ WINNIPEG, MAN. 15. JÚLÍ 1904. ✻

NR. I.

## LEITIN.

✻  
Þeir mæna allir upp að tindum fjallsins,  
þeim öllum virðist heyri þeir til kallsins.  
Um fjallsins vættinn, konginn huldu-heima,  
þá hefir verið sí og æ að dreyma.

Um óra-vegu augað fjarlægð mælir,  
og ágizkunin sínu verki hælir.  
Hver rati bezt, þeir ræða öllum dögum,  
og rifja' upp margt úr fjallsins kynja-sögum.

Þeir segjast heyra kongsins röddu klingja  
í kletta-beltum og í hraunum syngja;  
hún launum heiti hverjum þeim, sem klifar  
á hæsta tindinn og þar nafn sitt skrifar.

Og þau eru' alt, sem ágjörn sálin þráir,  
af öllu því, sem reikull grunur spáir,  
og sæla mest.— Í hverju hún er falin  
ei hefir ennþá borist nið'r í dalinn.

Þeir komast skamt, þeir lenda' í aur og urðum  
og eru' að hrapa þar með veikum burðum.  
Þá greinir á um áttir, vöð og vegi,  
á vestur-leið, þá halla tekur degi.

En sama röddin óþreytandi ómar,  
úr eyði-þögn í stormi lífs hún hljómar;  
hin sama' er þráin, þreytu heitur sveitinn,  
og þrauta-gangan— eilíflega leitinn.

KRISTINN STEFÁNSSON.